

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands, um staðsetningu bílastæðahúsa við tengistöðvar almenningsgangna (US220174)

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 07.09.2022 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn Sósíalístaflökks Íslands sem vísað var til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

„Eru fyrirætlanir um að auðvelda fólki sem neyðist til að reiða sig á einkabíl til að ferðast til borgarinnar eða innan hennar, að skipta úr einkabíl yfir í almenningsgöngur hluta leiðar sinnar innanbæjar - til að mynda með byggingu bílastæðahúsa við mikilvæga tengipunkta í almenningsgöngukerfinu?“

Umsögn:

Í nýsamþykktu deiliskipulagi fyrir Ártúnshöfða, Krossamýrartorg svæði, er gert ráð fyrir nokkuð stórum bílastæðakjallara sem á að þjóna framtíðaruppbyggingarsvæðum á Ártúnshöfða og við Elliðaárvog. Í skipulaginu er þannig markvist miðað að því að fækka bílastæðum innan einkalóða og koma þeim í staðin fyrir í sameiginlegum bílastæðakjöllurum sem verða opnir öllum og næst fyrirhuguðum borgarlínustöðvum við Krossamýrartorg og Sævarhöfða. Þar verða jafnframt stöðvar og stæði fyrir rafskútur og hjól í talsverðum mæli sem gera fólki auðvelt um vika komast til síns heima.

Á öðrum uppbyggingarsvæðum við fyrirhugaða Borgarlínu hefur sambærileg stefna um fyrirkomulag bíla- og hjólalæða verið innleidd í skipulagi þó í minna mæli en á Ártúnshöfða. Við alla útfærslu Borgarlínu er jafnframt lögð áhersla á að tryggja góðar og öruggar göngu- og hjólaleiðir að borgarlínustöðvum.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi